

Samráðsfundur 27.mars. 2014 á Hótel Natura í Reykjavík

Vegna Krepputungu og Kverkárrana

Fundarboð

Vatnajökulspjóðgarður var stækkaður s.l. sumar (2013) þegar Krepputunga og Kverkárrani bættust við austursvæði hans. Vegna stækkunarinnar þarf að breyta stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og fjalla þar um nýju svæðin á sama hátt og önnur svæði sem fyrir eru. Umfjöllunarefnið eru m.a. verndargildi einstakra staða, aðgengi og þjónusta.

Mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun er að hefjast og til þess að afla upplýsinga um hugmyndir og afstöðu hagsmunaaðila er boðað til tveggja samráðsfunda:

- Á Hótel Héraði, Egilsstöðum, laugardaginn 15. mars, kl. 12 – 14.
- Á Hótel Natura, Reykjavík, fimmtudaginn 27. mars kl 16 – 18.

Fundirnir eru öllum opnir.

Dagskrá fundanna er í meginatriðum tvískipt:

1. Kynning á svæðinu

Þjóðgarðsvörður gefur yfirlit yfir svæðið sem bæst hefur við þjóðgarðinn í máli og myndum. Farið verður yfir helstu náttúruperlur sem þar er að finna, hvernig komast má um svæðið, hvernig þjónusta við ferðafólk er háttað og fleira.

2. Samráð um stjórnun

Á seinni hluta fundarins verður þátttakendum skipt í hópa eftir málefnum og þeir beðnir um að ræða hugmyndir sínar um stjórnun svæðisins.

Mikilvægt er að sem flest sjónarmið og hugmyndir skili sér í umræðunni sem efniviður í mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð mun síðan skila tillögu sinni að breytingum til stjórnar þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins fjallar þá um tillöguna og auglýsir hana, skv. 12. grein laga um Vatnajökulspjóðgarð. Hagsmunaaðilum gefst þá kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Þegar stjórn þjóðgarðsins hefur fjallað um fram komnar athugasemdir skilar hún tillögunni til umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar.

Við vonumst til að sjá sem flesta þátttakendur á samráðsfundunum.

F.h. Svæðisráðs austursvæðis

Agnes Brá Birgisdóttir

Þjóðgarðsvörður á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Fundinum á Hótel Natura í Reykjavík stjórnðu Árni Geirsson og Agnes Brá Birgisdóttir

Gestir fundarins:

Einar Kr. Haraldsson Svæðisráð ainarh@fastrik.is

Regína Sigurðardóttir Forsætisráðuneytið regina.sigurdardottir@for.is

Guðrún Inga Bjarnadóttir Útivist/Samút gingo@isa.is

Ásgeir Rúnarsson Ferða og útivistarfélagið slóðavinir asgeir@gps.is

Pórður H. Ólafsson Vatnajökulsþjóðgarður thordur@vip.is

Steinunn Egilsdóttir Landvörður steinunnegils@gmail.com

Haraldur Þórarinnsson Landssambönd Hestamanna hallibondi@centrum.is

Inga Sóley Kristjónudóttir Minjastofnun ingasoley@minjastofnun.is

Undir það síðasta mættu tveir landverðir Orri Páll Jóhannsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Hópur 1 (Pórður, Regína, Guðrún og Ásgeir)

Vernd

- Svæðið í heild hlífir sér að nokkru leyti sjálft vegna erfiðs aðgengis
- Hvannalindir
- Hveragil, þar er heitur lækur á vetrum
- Fallegar klettamyndanir meðfram Upptyppingum - þar er erfitt að leggja bílum ef maður vill skoða
- Ættartré Völsunga sem málað er á klettavegg í farvegi Jökulsár
- Sönghellir
- Hraunfoss nálægt Sigurðarskála

Aðgengi

- Leiðir eru fáar og þeim er tæplega hægt að fækka
- Vegi ætti ekki að lagfæra og alls ekki að byggja upp
- Miklu skiptir hvaða stefnu stjórnvöld hafa um fjölda ferðamanna
- Hveragilsleið er áhugaverð ökuleið
- Skilgreina þarf leiðir þar sem hægt er að aka ofan af jökli á auða jörð, t.d. á leið í Sigurðarskála eða Hveragil
- Hringleiðir eru almennt æskilegar til að ekki sé farin sama leið fram og til baka
- Áhugavert væri að komast frá Lindasvæði í Grágæsadal
- Nauðsynlegt er að geta tjaldað á leiðinni - langt á milli þjónustusvæði fyrir þá sem fara hægt
- Á svæðinu eru óþrjótandi tækifæri fyrir gönguleiðir
- Númeraðar stikur geta verið mikilvægt öryggisatriði fyrir göngufólk
- Áhugavert væri að komast frá Gæsavötnum í Kverkfjöll án þess að fara langt norður til að komast yfir jökulána.
- Kverkfjöll - Hveragil er áhugaverð gönguleið.
- Sum vélknúin farartæki, t.d. vélhjól og fjórhjól, geta notað mjórri slóða en bílar.
- Gott væri að hafa göngubrú yfir ána sunnan Vaðöldu

Þjónusta

- Almennt ekki áhugi á auknu umfangi þjónustu, Sigurðarskáli er eðlileg þungamiðja þjónustunnar.
- Gagnlegt væri að hafa fleiri útskot og bílastæða en með þeim má líka stýra því hvar fólk staldrar við.
- Hafa þyrfti áningarstað við rústirnar í Hvannalindum.
- Mikilvægasta þjónustan er miðlun upplýsinga um staði og svæði. Nota mætti veðrunarþolin skilti með einföldu númeri sem vísar á frekari upplýsingar í gögnum sem ferðafólk hefur aðgang að.
- Skáli væri æskilegur nálægt Roðafelli eða Kverkhjúkaskarði.

Upplifun

- Hrikaleiki, auðn, útsýni, kyrrð
- Mannfjöldi myndi spilla upplifuninni
- Útivist væntanlega aðallega stunduð á Kverkfjallasvæðinu en ekið gegnum svæðin þar norður af.
- Ef sett eru boð og bönn þarf að vera ljóst á vettvangi hver ástæða þeirra er - þá mun fólk líka frekar fara eftir þeim.

Hópur 2 (Haraldur, Einar, Steinunn og Inga Sóley)

Vernd

- Hveragil
- Hvannalindir, rústir og gróður. Stýra skipulagi þannig að rústir og gróður sé verndað.
- Vernda svæðið í heild sinni og sérstöðu þess, falleg svæði með upplifun að vera einn í heiminum.
- Sjá til þess að ásýndin haldist eins og hún er.
- Halda í sérkenni svæðisins með öllum tiltækum ráðum

Aðgengi

- Hestar – sjaldgæft að fámennir hópar leggi leið sína um svæðið, gera þarf ráð fyrir áningu hrossa þegar slíkir hópar fara um og mögulega reiðleiðum í gegnum svæðið. Greina þarf á milli atvinnumennsku og áhugamennsku er fjallað er um umferð hrossa. En alltaf skal hún vera í samvinnu við þjóðgarðsverði (Haraldur sendir umgengisreglur LH).
- Áningastöðum almennt þarf að fjölga á leiðinni inn í gegnum tunguna eða inn í Kverkfjöll
- Ekki fjölga vegum/slóðum en merkja betur leiðir og stika betur.
- Fjölga stikuðum gönguleiðum en ekki of mikið
- Tryggja aðgengi af jökli í Sigurðarskála á veturna, með hnitum eða stikun.

Þjónusta

- Við Kreppubru, Hvannalindir og Kverkfjöll
- Ekki auka mikið við þjónustu á svæðinu
- Aðgengi sé að góðum upplýsingum um svæðið áður en maður kemur inn á það
- Mikilvægt að hafa góðar upplýsingar um þjóðgarð t.d. í Möðrudal þannig að fólk geti kynnt sér fyrirfram aðstæður, leiðir og þjónustu og fl.
- Ekki mikil breyting á þjónustustiginu halda í óbyggðaandann.

Upplifun

- Einvera – tilfinningin að vera einn í heiminum
- Kyrrðin
- Magnað – kyngimagnað.
- Óbyggðir – mikilvægt að halda í þá ímynd
- Dulúðlegt
- Maður skynjar vel smæð sína.